

Til þess er málið varðar,

Rauði krossinn í Hafnarfirði og Garðabæ var að byrja með nýtt verkefni sem heitir Karlar í skúrum. Það hefur farið vel af stað og eru nú þegar um 20 karlar sem eru í verkefninu þrátt fyrir að vera ekki með húsnæði. Það hefur gengið illa að finna húsnæði en það er algjör lykill að verkefninu. Þess vegna langar mig að óska formlega eftir því að fá gamla leikskólann Kató sem er við hliðina á St. Jósefsspítala til afnota fyrir verkefnið. Karlar í skúrum hefur verið nefnt sem tilvalið verkefni til þess að koma inn í Lífsgæðasetrið sem verður á St. Jósefsspítala en það eru að minnsta kosti sex mánuðir þangað til það fer af stað. Verkefnið vantar húsnæði sem fyrst og jafnvel þó það væri ekki nema tímabundið í 6-12 mánuði þá myndi það skipta sköpum.

Við erum í nánu samstarfi við írsku samtökin Men's Sheds. Þar opnaði fyrsti skúrin árið 2009 en í dag eru um 450 skúrar. Árið 2012 var gerð rannsókn á starfinu og þar kom meðal annars fram í niðurstöðunum að „*með hækkandi aldri íbúa í landinu þá hefur aldrei verið mikilvægara að finna árangursríka leið til að stuðla að vellíðan eldri íbúa í landinu*“. Meginmarkmið Karla í skúrum er að stuðla að vellíðan þátttakenda sem samsvarar vel við meginmarkmið heilsustefnu Hafnarfjarðarbæjar sem er að efla vellíðan íbúa bæjarins. Einnig kemur fram í rannsókninni á Írlandi að „*skúrin gefur mönnum tækifæri til að komast út af heimilinu sínu en með því að gera það voru þátttakendur einnig ánægðari þegar þeir voru heima hjá sér. Meirihlutinn sagði að vellíðan sín hefði aukist og 95% sagði að skúrin uppfyllti þá grundvallarþörf að vera hluti af einhverju og tilheyra. Einnig sagði 88% manna að skúrin auðveldaði aðgengi að upplýsingum um heilsu karlanna, í gegnum óformlegt spjall*“. Skýrslan fylgir með í viðhengi.

Hörður Sturluson
Verkefnastjóri Karlar í skúrum
Rauði krossinn í Hafnarfirði og Garðabæ